

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – júlí 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu sjö mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 36,5 milljarða króna innan ársins, sem er 31,9 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 49,1 milljarði hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur reyndust um 30 milljörðum hærrí en í fyrra á meðan gjöldin lækkuðu um tæpa 3 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 34,1 milljarð króna, en hann var jákvæður um 15,8 milljarða á sama tíma í fyrra.

### Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – júlí 2006 (Í milljónum króna)

	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Innheimtar tekjur	131.399	147.465	150.429	185.085	215.509
Greidd gjöld	141.957	150.807	164.139	180.985	178.257
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-10.558</b>	<b>-3.342</b>	<b>-15.428</b>	<b>4.100</b>	<b>37.252</b>
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-3.175	-12.059	-	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-2.236	-577	577	496	-752
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-15.969</b>	<b>-15.978</b>	<b>-16.005</b>	<b>4.596</b>	<b>36.500</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>8.449</b>	<b>17.783</b>	<b>1.840</b>	<b>11.206</b>	<b>-2.383</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-7.520</b>	<b>1.805</b>	<b>-14.165</b>	<b>15.802</b>	<b>34.116</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-19.877</b>	<b>-18.021</b>	<b>-29.142</b>	<b>-33.343</b>	<b>-35.088</b>
Innanlands	-9.737	-5.612	-4.139	-14.000	-12.215
Erlendis	-10.140	-12.409	-25.004	-19.342	-22.873
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-5.250</b>	<b>-4.375</b>	<b>-4.375</b>	<b>-2.250</b>	<b>-2.310</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður. brúttó</b>	<b>-32.647</b>	<b>-20.591</b>	<b>-47.683</b>	<b>-19.790</b>	<b>-3.282</b>
<b>Lántökur</b>	<b>30.324</b>	<b>24.245</b>	<b>39.386</b>	<b>13.305</b>	<b>19.735</b>
Innanlands	12.370	22.868	16.127	8.956	12.262
Erlendis	17.954	1.377	23.259	4.349	7.473
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs</b>	<b>-2.323</b>	<b>3.654</b>	<b>-8.296</b>	<b>-6.486</b>	<b>16.453</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 216 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum þessa árs. Það er rúmum 30 ma.kr meira en á sama tíma í fyrra, eða 16,4% aukning. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur aukningin 14,7%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um tæp 20% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 6,1% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því tæp 13%. 30% samdráttur annarra rekstrartekna milli ára skýrist af arðgreiðslum vegna Landsímans á þessu tímabili í fyrra.

Skattar á tekjur og hagnað námu 73 ma.kr. og jukust um 21 ma.kr. frá síðasta ári, eða 33%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 20% og lögaðila um 105% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur um 43%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 16% milli ára, eða tæp 7% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 5,8 ma.kr. sem er 30% minna en á sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 4½ ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 19% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 100 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins og jókst um 16% að nafnvirði frá fyrra ári eða 10% umfram hækkun vísitölu neysliverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 18% sem jafngildir 11% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar en sé litið á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánuða kemur fram að verulega hefur hægt á raunvexti tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu. Vörugjöld af ökutækjum skiluðu 12% meiri tekjum í janúar-júlí en á sama tíma í fyrra. Nýskráningar bíla í júlí voru helmingi færri en í júlí 2005. Sé horft á tímabilið frá ársbyrjun 2006 hafa orðið þau skil í þróuninni að ekki er lengur um fjölgun að ræða milli ára heldur fækkun um 4%, í fyrsta sinn síðan í árslok 2002.

**Greidd gjöld** nema 178,3 milljörðum króna og lækka um 2,7 milljarða milli ára, eða um 1,5%. Vaxtagreiðslur lækka um 8,1 milljarð, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl í fyrra. Einnig lækka greiðslur almannatrygginga um 2,9 milljarða sem kemur aðallega til af því að vaxtabætur voru greiddar í júlí í fyrra, en ekki fyrr en í ágúst nú í ár. Munar þar 4 milljörðum króna, en auk þess reyndust greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs um milljarði lægri en í fyrra. Á móti veга hækkanir til lífeyris- og sjúkratrygginga.

Að vaxtagreiðslum og vaxtabótum undanskildum hækka gjöldin um 9,5 milljarða eða 5,8%. Mest munar um 2,8 milljarða hækkun heilbrigðismála og 2 milljarða til menntamála. Þá hækka greiðslur til almennrar opinberrar þjónustu um 1,6 milljarða og 1,2 milljarða hjá almannatrygginga- og velferðarmálum. Greiðslur til löggæslu hækka um 1 milljarð, en greiðslur til efnahags- og atvinnumála standa í stað milli ára. Heilbrigðismál og almannatryggingar veга samtals um helming af heildargreiðslum ríkissjóðs.

**Lántökur** ársins nema 19,7 milljörðum króna en afborganir lána 35,1 milljarði. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 milljarð króna á árinu og 2,3 milljarðar voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

### ***Tekjur ríkissjóðs janúar–júlí 2006***

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2004	2005	2006	2004	2005	2006
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>140.246</b>	<b>166.490</b>	<b>202.398</b>	<b>12,6</b>	<b>18,7</b>	<b>21,6</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>45.406</b>	<b>52.322</b>	<b>73.074</b>	<b>11,3</b>	<b>15,2</b>	<b>39,7</b>
Tekjuskattur einstaklinga	33.286	37.096	44.648	2,5	11,4	20,4
Tekjuskattur lögaðila	5.783	5.459	14.426	129,0	-5,6	164,3
Skattur á fjármagnstekjur	6.337	9.768	14.001	9,9	54,1	43,3
<b>Eignarskattar</b>	<b>5.501</b>	<b>8.240</b>	<b>5.806</b>	<b>17,6</b>	<b>49,8</b>	<b>-29,5</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>71.669</b>	<b>85.557</b>	<b>99.534</b>	<b>13,1</b>	<b>19,4</b>	<b>16,3</b>
Virðisaukaskattur	47.764	58.491	68.842	14,0	22,5	17,7
Vörugjöld af ökutækjum	3.519	6.211	6.951	35,3	76,5	11,9
Vörugjöld af bensíni	4.744	4.985	5.151	13,2	5,1	3,3
Skattar á olíu	3.242	2.740	3.458	17,5	-15,5	26,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	5.805	6.174	6.383	2,6	6,4	3,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	6.594	6.956	8.750	5,6	5,5	25,8
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>1.691</b>	<b>1.795</b>	<b>2.457</b>	<b>19,7</b>	<b>6,2</b>	<b>36,8</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>335</b>	<b>396</b>	<b>430</b>	<b>.</b>	<b>18,2</b>	<b>8,7</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>15.645</b>	<b>18.179</b>	<b>21.097</b>	<b>9,7</b>	<b>16,2</b>	<b>16,0</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>193</b>	<b>252</b>	<b>173</b>	<b>-64,5</b>	<b>30,5</b>	<b>-31,5</b>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>9.960</b>	<b>18.103</b>	<b>12.652</b>	<b>-2,2</b>	<b>81,8</b>	<b>-30,1</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>29</b>	<b>239</b>	<b>287</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>150.429</b>	<b>185.084</b>	<b>215.509</b>	<b>2,0</b>	<b>23,0</b>	<b>16,4</b>

### Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Almenn opinber þjónusta	28.841	35.848	29.338	24,3	-18,2
Þar af vaxtagreiðslur	9.748	15.478	7.322	58,8	-52,7
Heilbrigðismál	41.566	46.299	49.138	11,4	6,1
Almannatryggingar og velferðarmál	41.744	42.211	39.338	1,1	-6,8
Efnahags- og atvinnumál	23.630	23.262	23.044	-1,6	-0,9
Menntamál	15.587	18.516	20.547	18,8	11,0
Menningar-, íþróttar- og trúmál	7.541	7.459	8.291	-1,1	11,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	4.948	5.199	6.195	5,1	19,2
Umhverfisvernd	1.895	1.926	2.108	1,7	9,4
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	105	266	258	154,2	-3,2
<b>Gjöld alls</b>	<b>165.856</b>	<b>180.985</b>	<b>178.257</b>	<b>9,1</b>	<b>-1,5</b>